

1860. árangur hafa fyrir ríkissjóðinn, að skjóta málinu til hæstaréttar.
 23. febrúar. Eptir að búið er að skrifast á um málið við málaflutningsmann stjórnarinnar í fjármálum og við innanríkis stjórnina, hefur því verið ákveðið að láta svo búið standa við dóm landsyfíréttarins.

Um leið og dómsmálastjórnin tilkynnir yður þetta, eruð þér beðnir að sjá svo um, að þeir 509 rd. 92 sk., sem að ofan eru nefndir, verði taldir með gjöldum sem ófánleg skuld í reikningunum, þar sem gjörð er grein fyrir þessu fê, og sé þá skýrskotað til bréfs þessa.

29. febrúar. 10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um nefnd þá í Reykjavík, sem sett var til umsýðar í fjárkláðamálinu.

Sem framhald af bréfum stjórnarinnar 15. og 17. október í fyrra, látum vér yður hér með vita, að nefnd sú, sem skipuð var í seinna bréfinu til umsýðar í fjárkláðamálinu, getur fyrst um sinn haldið áfram störfum sínum, þangað til nákvæmari skýrslur eru komnar um heilbrigðisástand fjárens, ef þér álitíð það nauðsynlegt. Það er og lagt á yðar vald, eptir að þér hafið borið yður saman við nefndina um það, að ákveða, hvort dýralæknarnir skuli dvelja á Íslandi lengur en þetta fjárhagsár.

Stjórnin vonar eptir skýrslu með gufuskípinu aptur, um það sem af verður ráðið í þessu efni, og um allt sem lýtur að þessu máli.

3. marz. 11. Lög um eptirlauna viðbót handa fyrrum sóknarpresti til Garða og Bessastaða og prófasti í Gullbringu og Kjósar sýslum á Íslandi, stipt-prófasti Árna Helgasyni.

Vér Friðrik hinn sjöundi, o.s.frv., Gjörum kunnugt: Lög þessi hefur ríkisþingið fallizt á og Vér staðfest með samþykki Voru:

Fyrrum sóknarpresti til Garða og Bessastaða og prófasti í Gullbringu og Kjósar sýslum á Íslandi, stiptprófasti Árna Helgasyni, veitast 300 ríkisdalir á ári hverju úr ríkissjóðnum í viðbót við eptirlaun sín.

1860.
3. marz.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Ástæður fyrir lögum þessum.

Árni Helgason, stiptprófastur, hefur nú tvo um áttætt, og þegar hann fékk lausn í fyrra, hafði hann verið embættismaður í 49 ár.

Árið 1807 tók hann embættispróf í guðfræði með ágætum vitnisburði (*egregia laude dignus*). Árið eptir fékk hann verðlaunapening háskólans fyrir ritgjörð í guðfræði. Það ár var honum og veittur Vatnsfjörður fyrir vestan, en hann tók ekki við því brauði sökum vísindaíðkana sinna við kennimannaskólann. Árið 1811 fékk hann Reynivelli í Kjós, og þjónaði þar í 4 ár. Eptir það varð hann dómkirkjuprestur í Reykjavík, og árið 1826 var honum veitt Garða og Bessastaða prestakall, og hefur hann þjónað brauði því þangað til árið 1858, þá neyddist hann til, fyrir elli og lasleika sakir, að segja af sèr. Auk þessa hefur hann í 30 ár verið héraðsprófastur í Gullbringu og Kjósarsýslu, og tvisvar verið settur biskup, þegar verið hefur milli biskupa, og hefur hann þannig gegnt embætti þessu í hèrumbil 3 ár. Hann hefur og í 3 ár verið settur kennari við hinn lærða skóla á Íslandi. Að boði konungs tók hann þátt í embættismannanefnd þeirri, er kom saman í Reykjavík 1839 og 1841, og var á hinum fyrstu þremur alþingum sem konungkjörinn þingmaður.

Auk þess, að stiptprófastur Árni Helgason þannig um langan tíma hefur gegnt ýmsum embættum með alþekktum dugnaði, hefur hann með ritum sínum ekki að eins eftir andlega uppræðing og næstum gefið henni nýja stefnu, heldur hefur hann með ritum sínum fremur en nokkur þeirra manna, sem nú eru uppi, útbreitt vísindi og almenna menntun. Þareð hann var alkunnur sem skarpur guðfræðingur, heimspekingur og mál-

1860.
3. marz. fræðingur, og var vel að sèr í nýju málunum, hafa margir reynt, að koma sonum sínum til kennslu hjá honum, svo hann hefur um mestan hluta embættistíðar sinnar haldið heimaskóla, og hafa margir dugandi stúdentar útskrifast frá honum, og ekki allfáa hefur hann undirbúið til háskólans í Kaupmannahöfn.

Þegar hann fékk lausn frá embætti því, er hann seinast gegndi, og hann hafði að öllu samtöldu hërumbil 800 dala tekjur af á ári, fékk hann, eptir lögum um eptirlaun presta á Íslandi, þriðjung hinna vissu tekja í eptirlaun. Eptirlaun þessi geta með engu móti, þó vel sè í lagt, numið meiru en 150 dölum á ári, og tekjurnar af því, sem hann á til sjálfur, eru að eins 70 til 80 dala á ári. Tekjur þessar, sem til samans ekki geta orðið meiri en 230 dalir á ári, eru þannig ónógar til hinna bráðustu þarfa fyrir hann og þá, sem hann á fyrir að sjá.

Þegar svona stendur á, hefur stjórnarráðinu fundizt næg ástæða til, að reyna að útvega þessum manni, sem svo mjög hefur til þess unnið, viðbót við eptirlaunin, eins og hann hefur sótt um; stiptsyfirvöldin á Íslandi hafa og mælt fast fram með því. Ef hann á ekki að líða skort á elliárum, má eptirlauna viðbót þessi ekki vera minni en 300 ríkisdalir á ári. Stjórnarráðið hefur því látið búa til lagafrumvarp það, er hér er greint, til þess það verði lagt fyrir ríkisþingið¹.

20. marz. 12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um herskipsferð til Íslands.

Útaf bænarskrá nokkurri, er hið síðasta alþingi sendi stjórninni viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra manna við Ísland, bað dómsmálastjórnin í bréfi 4. f. m. um álit sjóliðsstjórnarinnar um það, sem farið var fram á í bænarskránni, en það var, að sendar yrðu á ári hverju 4 herskútur til landsins, til þess að hafa umsjón yfir hinum útlendu fiskiskípum og halda við reglu kring-

1) Ríkisþingið féllst á frumvarpið óbreytt með öllu, og var það því öldungis eins hljóðandi og lög þau, sem hér eru á undan.